

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. febrúar til 31. maí 1990
eða þar til annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. febrúar til 31. maí 1990 eða þar til annað verði ákveðið.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	SDR pr. lb. cif.
Færi en 60 stk. í lb.	2.90
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2.69
Hálfhreinsaður	1.32
Rauður og brotinn	1.63

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um fræðsluráð.

I. KAFLI

Kosning og skipan fræðsluráða.

1. gr.

Fræðsluráð starfa í fræðsluumdæmunum átta skv. 10. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer jafnframt með hlutverk skólaneftar í Reykjavík, sbr. 18. gr. grunnskólalaga.

2. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutadeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Stéttarfélag kennara í fræðsluumdæmi tilnefni úr hópi settra og skipaðra kennara og skólustjórnenda við grunnskóla umdæmisins þrjá aðalfulltrúa til að starfa með fræðsluráði og jafnmarga varamenn.

Gildistíma tilnefningar þeirra lýkur samtímis kjörtímabili fræðsluráðsmanna.